



SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

Fundargerð.

379. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 18. nóvember 2015 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson

Ingibjörg Harðardóttir

Björn Kristinn Pálmarsson í fjarveru Harðar Óla Guðmundssonar

Sigrún Jóna Jónsdóttir

Guðmundur Ármann Pétursson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

Oddviti leitar afbrigða

- a) Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um tekjustofna sveitarfélaga (sérstakt framlag úr Jöfnunarsjóði), 263. mál.

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 4. nóvember 2015.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 4. nóvember 2015 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

- a) **Fundargerð 24. fundar atvinnumálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 1. október 2015.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

- b) **Fundargerð 25. fundar atvinnumálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 19. október 2015.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

- c) **Fundargerð 26. fundar atvinnumálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 11. nóvember 2015.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

- d) **Fundargerð 27. fundar atvinnumálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 12. nóvember 2015.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.



SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

e) 99. fundur Skipulagsnefndar Uppsveita, 5. nóvember 2015.**Mál nr. 7, 8, 9, 16 og 17 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.**

Lögð fram 99. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 5. nóvember 2015. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 7: 1511001 - Kiðjaberg: Frístundabyggð: Endurskoðað deiliskipulag: Kæra til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Fyrir liggur bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 26. október 2015 vegna kæru dags. 24. október 2015 þar sem kærð er samþykkt Grímsnes- og Grafningshrepps á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Kiðjabergs. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela lögfræðingi sveitarfélagsins að senda inn umsögn um kærana í samráði við skipulagsfulltrúa.

Mál nr. 8: 1511003 - Efri-Brú Sökk lóð 5 lnr. 198862: Deiliskipulag.

Fyrir liggur umsókn dags. 22. október 2015 um deiliskipulag þriggja frístundahúsalóða á landi sem heitir Sökk lóð 5, úr landi Efri-Brúar. Meðfylgjandi er tillaga að deiliskipulagi svæðisins sem sýnir afmörkun þriggja lóða á svæði milli Þingvallavegar og Úlfjótavatns. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að auglýsa tillöguna skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með fyrirvara um að á uppdrætti verði sýnd möguleg aðkoma að lóðum norðan skipulagssvæðis og að stærð aukahúsa megi vera allt að 40 m².

Mál nr. 9: 1511007 - Vaðnes 168289: Vaðnes spennistöð: Stofnun lóðar.

Fyrir liggur umsókn dags. 26. október 2015 um stofnun spennistöðvar úr landi Vaðness. Samkvæmt meðfylgjandi lóðablaði er afmörkuð 56 m² lóð sem liggur upp að Hvítárbraut 1 rétt við Vaðnesveg (nr. 3745). Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við stofnun lóðarinnar og byggingu spennistöðvar með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar fyrir eiganda/umráðanda lóðarinnar Hvítárbraut 1.

Mál nr. 16: 1511009 - Villingavatn 170831: Þverás 1: Stofnun lóðar.

Fyrir liggur umsókn um stofnun 24.400 m² lóðar úr landi Villingavatns sem á að heita Þverás 1. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins og felur skipulagsfulltrúa að afla frekari gagna.

Mál nr. 17: 1510004F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 15-17.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 28. október 2015.

f) Fundargerð 29. fundar stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs., 5. nóvember 2015.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

g) Fundargerð 8. fundar nefndar oddvita/sveitarstjóra í yfirstjórn velferðarmála í Árneshöfði (NOS), 13. nóvember 2015.**Mál nr. 2 og 4 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.**

Lögð fram 8. fundargerð nefndar oddvita/sveitarstjóra í yfirstjórn velferðarmála í Árneshöfði (NOS), 13. nóvember 2015.

Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 2: Fjárhagsáætlun 2016.

Fyrir liggja tillögur að fjárhagsáætlun ársins 2016 fyrir Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfðings. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi tillögur.



SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

Mál nr. 4: Kynning á atvinnuátaki í samstarfi við Vinnumálastofnun.

Verkefnið felst í að VMST og Skóla- og velferðarþjónusta Árneshings geri með sér samkomulag um tilraunaverkefni til eins árs sem ætlað er að virkja atvinnuleitendur sem eru á fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi án atvinnuleysisbótaréttar. Jafnframt munu sveitarfélögin í Árneshingi koma til með að bjóða allt að 5 starfsþjálfunarpláss. Tillögur um starfsmenn munu koma frá félagsráðgjöfum og tekur hvert sveitarfélag ákvörðun á grundvelli framlagðra tillagna. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka þátt í verkefninu.

3. Jafnréttisáætlun, seinni umræða.

Lögð fram til seinni umræðu drög að jafnréttisáætlun fyrir sveitarfélagið skv. lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi jafnréttisáætlun fyrir Grímsnes- og Grafningshrepp.

4. Álagning gjalda og gjaldskrárbreytingar fyrir árið 2016.

Fyrir liggja tillögur að gjaldskrár og álagningu gjalda vegna ársins 2016.

1. **Útsvarshlutfall** árið 2015 verði óbreytt 12,44%.
2. **Fasteignaskattur A**, 0,475% af fasteignamati á íbúðarhúsnæði, bílageymslur, geymsluhúsnæði, lönd og útihús í landbúnaði og sumarhús, allt með tilheyrandi lóðum.
Fasteignaskattur B, 1,32% af fasteignamati sjúkrastofnana skv. lögum um heilbrigðisþjónustu, skóla, heimavista, leikskóla, íþróttahúsa og bókasafna, að meðtöldum lóðum og lóðarréttindum.
Fasteignaskattur C, 1,65% af fasteignamati allra annarra fasteigna með tilheyrandi lóðum.

Afsláttur er af fasteignaskatti íbúðarhúsa til fasteignaeigenda sem eru 67 ára og eldri eða 75% öryrkjar og eiga lögheimili í viðkomandi fasteign. Afsláttur er hlutfallslegur og miðast við tekjur síðastliðins árs samkvæmt skattframtali. Til tekna teljast bæði launatekjur og fjármagnstekjur. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambýlisfólks.

Tekjumörk vegna afsláttar ársins 2016 eru eftirfarandi:

Tekjur einstaklinga	Tekjur hjóna	Niðurfelling
Allt að 2.290.000	Allt að 3.430.000	100%
Milli 2.290.001 – 2.660.000	Milli 3.430.001 – 3.950.000	75%
Milli 2.660.001 – 3.080.000	Milli 3.950.001 – 4.470.000	50%
Milli 3.080.001 – 3.430.000	Milli 4.470.001 – 5.000.000	25%

Fjöldi gjalddaga fasteignagjalda:

Fjárhæðir að 25.000 eru með einn gjalddaga 1. maí, 25.001-90.000 eru með 5 gjalddögum með fyrsta gjalddaga 1. mars og síðasta 1. júlí og 90.001 og yfir verði með 7 gjalddögum með fyrsta gjalddaga 1. mars og síðasta 1. september.



SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

3. **Seyra**, seyrulosunargjald vegna kostnaðar við seyrulosun/fráveitukerfi verði kr. 8.345 á hvert íbúðarhús, sumarhús og fyrirtæki sem ber samkvæmt byggingarskilmálum að hafa rotþró eða vera tengt viðurkenndu fráveitukerfi.

Fráveitugjald skal greitt af öllum mannvirkjum sem tengd eru fráveitukerfum sveitarfélagsins og verður það 0,1% af fasteignamati húss.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennislislagna frá lóðarmörkum við holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera kr. 175.000.

4. **Sorp**, álagning vegna sorphirðu og sorpeyðingar vegna heimilissorp er:

Sorphirðugjald:

Ílátastæðir	Grátunna	Blátunna
240 L ílát	16.696 kr.	7.242 kr.
660 L ílát	48.177 kr.	22.167 kr.
1.100 L ílát	79.176 kr.	35.832 kr.
8.000 L ílát	176.563 kr.	
3.000 L ílát	126.353 kr.	

Sorpeyðingargjald:

Íbúðarhúsnæði	20.192 kr.
Frístundahúsnæði	14.811 kr.
Lögbýli	9.874 kr.
Fyrirtæki	19.748 kr.

Gjaldfrjálst verður á gámastöð fyrir allt að 3 m³ vikulega.

Umframmagn er gjaldskylt á móttökustöð, miðast við m³ þess úrgangsmagns sem afsett er. Allur úrgangur er gjaldskyldur við afsetningu nema brotamálmar og úrgangur sem ber úrvinnslugjald Úrvinnslusjóðs.

Móttökugjald á einn m³ 5.000 kr.

5. **Vatnsveita**, vatnsskattur íbúðarhúsa verði 0,25% af fasteignamati eigna sem tengst geta vatnsveitum sveitarfélagsins. Hámarksálagning verði kr. 50.000 og lágmarksálagning verði kr. 25.000 á hús. Vatnsskattur frístundahúsa verði 0,25% af fasteignamati eigna sem tengst geta vatnsveitum sveitarfélagsins. Hámarksálagning verði kr. 50.000 og lágmarksálagning verði kr. 25.000 á hús. Vatnsskattur fyrirtækja verði 0,25% af fasteignamati eigna sem tengst geta vatnsveitum sveitarfélagsins. Hámarksálagning verði kr. 170.000 og þau fyrirtæki sem safna vatni í eigin miðlun fá 30% afslátt af vatnsskatti. Tengigjöld vatnsveitu (stofngjöld) fyrir frístundahús og íbúðarhús verða kr. 432.200. Tengigjöld fyrir lögbýli að meðtöldu einu



SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

Íbúðarhúsi verða kr. 651.587. Á þeim lóðum sem ekki hefur verið byggt á en hafa tengst vatni er innheimt fast árgjald kr. 25.000. Fyrir ný skipulagða frístundabyggð sem tengjast skal vatnsveitu sveitarfélagsins skal landeigandi greiða kr. 45.000 fyrir hverja lóð á skipulagi fyrir lagningu stofnlagnar.

Gjaldskráin miðast við að heimtaug í sumarhús sé 20mm. Velji menn 25mm heimtaug tvöfaldast tengigjaldið og semja verður sérstaklega um sverari heimtaugar.

6. **Hitaveita**, 5. gr. A, B, C, D og E-liður gjaldskrá hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps breytist þannig:

A. Hemlagjald (varmagjald):

Sumarbústaðir, snjóbræðslukerfi og notkun samkvæmt sérsamningum skal greiða fyrir hemlagjald. Lámarksstilling er 3,0 l/mínútu.

Hemlagjald fyrir hvern mínútulíter á mánuði hækkar úr kr. 2.279 í kr. 2.382.

B. Eldri samningar

Þar sem vatnið er keypt skv. hemli beint úr stofnlögn hækkar gjald fyrir hvern mínútulíter úr kr. 2.033 á mánuði í kr. 2.124.

C. Rúmmetragjald skv. mæli:

Almennt íbúðar- og iðnaðarhúsnæði og gróðurhús skal greiða varmagjald. Varmagjald fyrir hvern rúmmetra vatns hækkar úr kr. 108,40 í kr. 113,30.

Sumarbústaður sem er með mæli og greiðir skv. rúmmetragjaldi skal þó aldrei greiða minna en sem nemur 3,0 l/mínútu eða sem nemur kr. 7.146 á mánuði, sbr. A-liður 5. gr.

Mælagjald á mánuði:

C1 Stærð mælis/hemils DN 15 1.136 kr.

C2 Stærð mælis/hemils DN 20 1.623 kr.

C3 Stærð mælis/hemils DN 25 2.007 kr.

C4 Stærð mælis/hemils DN 32 2.392 kr.

C5 Stærð mælis/hemils DN 40 2.779 kr.

C6 Stærð mælis/hemils DN 50 3.803 kr.

D. Stofngjöld

Íbúðarhús allt að 300m³ og gróðurhús allt að 200m³ kr. 606.301 og fyrir hvern rúmmeter/fermetra þar yfir skal greiða 230kr/m³. Vélageymslur og gripahús allt að 300m³ kr. 352.442 og fyrir hvern rúmmeter/fermetra þar yfir skal greiða 230kr/m³. Fyrir sumarhús er stofngjaldið kr. 606.301. Gjald fyrir auka mælagrind er kr. 90.460.

Auk stofngjaldsins sem að framan greinir skal greiða 4.530 kr. fyrir hvern lengdarmetra heimæðar frá stofnæð.

E. Önnur gjöld

Lokunargjald verður kr. 17.000 og auka álestur kr. 8.000.

7. **Lóðaleiga**, verði 1% af lóðamati.



SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

8. **Gatnagerðargjöld**, verði óbreytt og jafnframt verði 50% afsláttur af gatnagerðargjöldum í þéttbýli út árið 2016.

9. **Gjaldskrá Íþróttamiðstöðvarinnar Borg**, verði eftirfarandi:

Sund:	<i>fullorðnir, 17-67 ára</i>	<i>börn 7-16 ára</i>
Stakt skipti	800 kr.	400 kr.
10 miða kort	5.000 kr.	2.500 kr.
30 miða kort	13.000 kr.	6.500 kr.
Árskort	35.000 kr.	17.500 kr.

Börn 0-6 ára, ellilífeyrisþegar og öryrkjar fá frítt í sund.

Þreksalur:

Stakt skipti	1.600 kr.
10 miða kort	11.000 kr.
30 miða kort	21.000 kr.
Árskort	35.000 kr.

Íþróttasalur:

Fullorðinn – 60 mín.	1.100 kr.
Barn – 60 mín.	550 kr.
Hálfur dagur	12.000 kr.
Heill dagur	21.000 kr.

Sturta	600 kr.
Leiga á sundfatnaði	600 kr.
Leiga á handklæði	600 kr.

Íbúum með lögheimili í sveitarfélaginu er boðið upp á að kaupa árskort í sund, þreksal og íþróttasal.

Fullorðnir, 17-67 ára	8.000 kr.
Börn, 7-16 ára	3.500 kr.

10. **Gjaldskrá dagvistargjalda í leikskóladeild Kerhólsskóla**, verði eftirfarandi:

4 klst. vistun	12.466 kr.
4,5 klst. vistun	14.026 kr.
5 klst. vistun	15.583 kr.



SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

5,5 klst. vistun	17.142 kr.
6 klst. vistun	18.708 kr.
6,5 klst. vistun	20.259 kr.
7 klst. vistun	21.818 kr.
7,5 klst. vistun	23.376 kr.
8 klst. vistun	24.936 kr.
8,5 klst. vistun	26.494 kr.
9 klst. vistun	28.052 kr.

Systkinaafsláttur reiknast eingöngu af grunngjaldi og verður 50% fyrir annað barn og 100% fyrir þriðja og fjórða barn. Önnur afsláttakjör verða óbreytt.

11. Gjaldskrá mótuneytis, verði eftirfarandi:

Stakur hádegisverður í leikskóladeild	169 kr.
Hádegisverður pr. mánuð í leikskóladeild	3.252 kr.
Stök hressing í leikskóladeild	88 kr.
Hressing pr. mánuð í leikskóladeild	1.934 kr.
Hádegisverður fyrir grunnskóladeild	305 kr.
Mjólk pr. mánuð í grunnskóladeild	452 kr.
Ávextir og brauð pr. mánuð í grunnskóladeild	1.131 kr.
Hádegisverður, eldri borgara	390 kr.
Hádegisverður, kostgangara	1.032 kr.

12. Gjaldskrá fyrir Félagsheimilið Borg, verði eftirfarandi:**Veislur:**

Fermingar – afmæli, dagveislur	60.000 kr.
Brúðkaup – afmæli, kvöldveislur	80.000 kr.
Ættarmót, öll helgin	130.000 kr.
Ættarmót, sólarhringur	60.000 kr.

Fundir:

Kaffistofa	20.000 kr.
Stóri salur	35.000 kr.
Allt húsið	50.000 kr.
Ráðstefnur, námskeið o.þ.h.	50.000 kr.

Annað:

Leiga fyrir innansveitarfólk	23.000 kr.
------------------------------	------------



SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

Leiga á húsi pr.klst

5 .000 kr. lágmarkstímar eru 5 klst.

Dansleikir

samningsatriði

Breytingar þessar taka gildi frá og með 1. janúar 2016.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögur um álagningu gjalda og gjaldskrárbreytingar.

5. Fjárhagsáætlun 2016-2019, fyrri umræða.

Fyrir liggja drög að fjárhagsáætlun Grímsnes- og Grafningshrepps fyrir fjárhagsárið 2016 og fyrir árin 2017, 2018 og 2019 sbr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Sveitarstjórn vísar áætluninni til annarrar umræðu.

6. Staða fjárhagsáætlunar 2015.

Farið var yfir stöðu bókhalds og borið saman við fjárhagsáætlun ársins 2015 eftir fyrstu tíu mánuði ársins.

7. Kauptilboð í lóðir sveitarfélagsins í Ásborgum.

Fyrir liggur kauptilboð frá Ólafi Laufdal, f.h. Grímsborga ehf. í þær 10 lóðir sem eru í eigu sveitarfélagsins í Ásborgum. Sveitarstjóra falið að ræða við tilboðsgjafa.

8. Beiðni um styrk við Snorraverkefnið sumarið 2016.

Fyrir liggur beiðni frá Snorrasjóð um styrk til Snorraverkefnisins sumarið 2016 þar sem markmið verkefnisins er að veita ungu fólki af íslenskum ættum í Norður – Ameríku tækifæri til að kynnst rötum sínum á Íslandi í 6 vikna sumarverkefni. Sveitarstjórn hafnar erindinu.

9. Bréf frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála vegna kæru á deiliskipulagsbreytingu í landi Reykjaness.

Fyrir liggur bréf frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, dagsett 12. nóvember 2015 vegna kæru á deiliskipulagsbreytingu í landi Reykjaness. Skipulagsfulltrúa falið að taka saman gögn málsins. Niðurstaða nefndarinnar er að kröfu kæranda, eigenda Reykjaness, er hafnað um ógildingu á ákvörðun. Úrskurðurinn er lagður fram til kynningar.

10. Tölvupóstur frá Gunnsteini Sigurðssyni og Dýrleifu Egilsdóttur þar sem óskað er eftir niðurfellingu á byggingarleyfisgjöldum.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Gunnsteini Sigurðssyni og Dýrleifu Egilsdóttur, dagsettur 4. nóvember 2015 þar sem farið fram á niðurfellingu byggingarleyfisgjalda. Byggingarleyfin voru innheimt skv. gjaldskrá Skipulag- og byggingarfulltrúaembættisins á þeim tíma. Sveitarstjórn hafnar erindinu.



SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

11. Afrit af bréfi til Þjóðskrár Íslands frá Gunnlaugi M. Sigmundssyni þar sem fasteign er kærð út úr fasteignaskrá.

Fyrir liggur afrit af bréfi frá Gunnlaugi M. Sigmundssyni til Þjóðskrár Íslands þar sem tilkynnt er um að fasteign sé kærð úr fasteignaskrá. Bréfið lagt fram til kynningar.

12. Bréf frá Límtré Vírnet ehf. þar sem tilkynnt er um kaup EH ehf. á hlutum í Límtré Vírnet ehf.

Fyrir liggur bréf frá Límtré Vírnet ehf., dagsett 28. október 2015 þar sem tilkynnt er um kaup EH ehf. Á um 7,33% alls hlutafjár félagsins. Af þessu tilefni er sveitarfélaginu tilkynnt að það eigi forkaupsrétt að áður nefndum hlutum. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að forkaupsréttur Grímsnes- og Grafningshrepps verði ekki nýttur.

13. Bréf frá Skipulagsstofnun þar sem kynntur er bæklingur um samspil skipulagsmála og ferðamála, ásamt bæklingnum sem liggur frammi á fundinum.

Fyrir liggur bréf frá Skipulagsstofnun, dagsett 10. nóvember 2015 þar sem kynntur er bæklingur um samspil skipulagsmála og ferðamála. Jafnframt liggur frammi á fundinum áður nefndur bæklingur. Lagt fram til kynningar.

14. Brennu- og skoteldaleyfi.

Fyrir liggur beiðni frá Hjálparsveitinni Tintron um brennu- og skoteldaleyfi fyrir áramótabrennu og flugeldasýningu á Borg þann 31. desember n.k. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita brennu- og skoteldaleyfi.

15. Héraðsdómur Suðurlands, úrskurður nr. E-59/2015, Sigurður Örn Sigurðsson og Aðalheiður Jacobsen gegn Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur úrskurður Héraðsdóms Suðurlands frá 6. nóvember s.l. í máli nr. E-59/2015, Sigurður Örn Sigurðsson og Aðalheiður Jacobsen gegn Grímsnes- og Grafningshreppi þar sem farið fram á riftun kaupsamninga á lóðum nr. 18 og 24 í Ásborgum. Málinu var vísað frá dómi og stefnendum gert að greiða sveitarfélaginu kr. 1.384.150 í málskostnað. Úrskurðurinn lagður fram til kynningar.

16. Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2011-2030, tillaga að breytingu, miðsvæði svæði 401-M norðan íbúðarsvæðis Krikahverfis.

Fyrir liggur tillaga að breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við fyrirliggjandi breytingar.

17. Önnur mál.

a) Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um tekjustofna sveitarfélaga (sérstakt framlag úr Jöfnunarsjóði), 263. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.



SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

Til kynningar

- ✓ SASS. Fundargerð 499. stjórnarfundar 28.10 2015.
- ✓ SASS. Fundargerð aðalfundar 29. og 30. október 2015.
- ✓ Samband íslenskra sveitarfélaga. Fundargerð 830. stjórnarfundar, 11.11 2015.
- ✓ Samband íslenskra sveitarfélaga. Fundargerð 831. stjórnarfundar, 30.10 2015.
- ✓ Þjóðskrá Íslands. Kynningarbæklingur á starfsemi Þjóðskrár 2014.
-liggur frammi á fundinum-.
- ✓ Skógræktarritið 2015, 2. tbl..
-liggur frammi á fundinum-.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:15